



## Ferðamönnum frá 11 löndum fækkaði á síðasta ári

Fjöldi erlendra ferðamanna sem sóttu landið heim nam rúmlega 2,3 milljónum á síðasta ári.

Ferðamönnum fjölgaði um 5,5% milli 2017 og 2018 og er þetta minnsta fjölgun ferðamanna síðan árið 2010 en þá fækkaði ferðamönnum um 1,1% frá árinu áður. Þessi fjölgun sker sig verulega frá þróun síðustu ára en meðalfjölgun erlendra ferðamanna var 25,2% á árunum 2011-2017. Á þessu tímabili fimmfaldaðist fjöldi erlendra ferðamanna sem sótti Ísland heim.

### Ferðamönnum frá 11 af 17 löndum fækkaði á síðasta ári

Um 17 þjóðir eru flokkaðar og taldar sérstaklega inn í landið. Af þeim fjölda fjölgaði ferðamönnum frá einungis 6 löndum milli ára og fækkun varð hjá 11 löndum, eða 65% þeirra. Þetta er hæsta hlutfall þjóða hvaðan ferðamönnum fækkar síðan árið 2010. Þá fækkaði einnig frá 11 löndum en þá voru 16 þjóðir taldar og flokkaðar sérstaklega inn í landið.




### Mesta hlutfallslega fækkunin var hjá Japönnum

Hlutfallslega fækkaði Japönnum mest á síðasta ári eða um 14,6% frá árinu áður. Næstmesta fækkunin var hjá Finnum (12,9%) og Svíum (12,3%) en fækkun var milli ára frá öllum

Norðurlandþjóðunum. Árið í fyrra var það fjórða í röð þar sem Norðmönnum fækkar milli ára en þeim fækkaði um 8,8% frá fyrra ári. Fækkun Norðmanna hefur þó verið fremur lítil á síðustu árum en meðalfækkunin á árabílinu 2015-2018 nemur 4,9%. Fækkun varð frá hinum Norðurlöndunum þremur í fyrsta skiptið síðan 2010 fyrir utan Svíþjóð en Svíum fækkaði lítillega milli áráanna 2012 og 2013.

### Mesta hlutfallslega fjölgunin hjá Pólverjum

Mesta hlutfallslega fjölgunin var hjá Pólverjum en þeim fjölgaði um 38% milli ára. Næstmesta fjölgunin var hjá Rússum, 20,8%, en í þriðja sæti voru Bandaríkjamenn með 20,5% fjölgun. Síðasta ár var það tíunda í röð sem Bandaríkjamönnum fjölgar milli ára. Fjöldi bandaríkra ferðamanna hefur 17-





faldast frá árinu 2008 og var meðalfjölgun á ári 33% á því tímabili. Bandaríkjamenn skýra heildarfjölgun ferðamanna árið 2018 að langmestu leyti.

Bandaríkjamönnum fjölgaði alls um 118 þúsund en heildarfjölgun ferðamanna nam tæplega 121 þúsund. Ef Bandaríkjamönnum hefði ekkert fjölgað milli ára hefði erlendum ferðamönnum einungis fjölgað um 0,1% í heild sinni.


### Vægi óskilgreindra ferðamanna fer stöðugt vaxandi

Fjölgun ferðamanna frá öðrum löndum en þessum 17 nam 8,1% milli ára og fjölgaði í þeim hópi áttunda árið í röð. Þessi hópur er næststærsti hópur ferðamanna á eftir Bandaríkjamönnum en hlutfall þeirra í heildarferðamannafjölda á síðasta ári nam 18,3% og hefur þetta hlutfall vaxið stöðugt síðan árið 2010.


### Vægi einnar þjóðar aldrei meira

Bandaríkjamenn voru flestir erlendra ferðamanna, rétt eins og síðustu ár. Alls komu nær 700 þúsund bandarískir ferðamenn til landsins á síðasta ári. Þeir voru tæplega 400 þúsund fleiri en sú þjóð sem kom næst á eftir, en það eru Bretar með 298 þúsund ferðamenn. Hlutfall Bandaríkjamanna í heildarferðamannafjölda nam 30% en hlutfall einnar þjóðar í ferðamannafjölda hér á landi hefur aldrei verið jafn hátt. Fyrra metið var 26,3% frá árinu áður en það met var einnig í eigu Bandaríkjamanna. Af einstökum þjóðum var hlutfall Breta næst hæst eða 12,9%. Bandaríkjamenn voru því meira en tvöfalt fleiri en sú þjóð sem var með næst flesta ferðamenn. Mikil breyting hefur orðið á samsetningu ferðamanna á þessari öld. Sem dæmi voru Norðurlandabúar 26,2% ferðamanna árið 2003 en hlutfallið var 7,1% á síðasta ári. Þjóðverjar voru tæplega 12% ferðamanna árið 2003 en hlutfallið var 6% á síðasta ári.

Vægi einstakra þjóða af heildarferðamannafjölda 2018



Vægi ferðamanna eftir þjóðerni



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.



Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.